

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

43. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 10. ágúst. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð 16. fundar fræðslunefndar Súðavíkurhrepps frá 31. júlí.
2. Ærslabelgur við Súðavíkurskóla – samstarf við Geisla.
3. Eignir ÍLS í Súðavík.
4. Svarbréf frá Ofanflóðanefnd, dagsett 30. jún.
5. Bláberjadagar 2017
6. Fundargerð stjórnar samb. ísl. sveitarfélaga nr. 851

-
1. Fundargerð fræðslunefndar lögð fram og staðfest.
Samþykkt samhljóða.
 2. Ákveðið að setja upp ærslabelg á grasfletinum við skólann í samstarfi við Geisla, í tilefni afmælis Geisla. Ærslabelgurinn verður komin upp fyrir Bláberjadaga. Heildarkostnaður verður 1,8 milljónir – styrkur Súðavíkurhrepps í verkefnið verður 900þús.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að vinna viðauka í fjárhagsáætlun sem samsvarar ákvörðuninni.

3. Lagt fram bréf frá ÍLS, dagsett 28. júní.

Áhugi er hjá sveitarstjórn að taka á leigu og íhuga kaup á einstökum eignum ÍLS. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að þrýsta ennfrekar á ÍLS að leigja sveitarfélaginu eignir sem geta nýst undir heilsársbúsetu í sveitarfélaginu. Vilji er fyrir hendi hjá sveitarfélaginu hefja formlegar viðræður við ÍLS um kaup á eignum sjóðsins.

4. Svarbréf frá Ofanflóðasjóði, dagsett 30. júní, tekið fyrir. Erindi sveitarfélagsins um uppkaup Ofanflóðasjóðs á varaafsstöðinni í Eyrardal hafnað. Sveitarstjóra falið að kynna efni bréfsins OV og óska eftir fundi með sjóðinum þar sem sveitarfélagið og OV færu saman og kynntu sín sjónarmið.
5. Bláberjadagar verða haldnir fyrstu helgi sept. að venju. Loka undirbúningsfundur verður haldin mánudaginn 14. ágúst. kl. 18 á Jóni Indíafara, grillað saman og seinustu lausu endar kláraðir.
6. Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:07

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri